

Öll eru velkomin.


Við viljum að starfsfólk upplifi að það sé velkomið eins og það er, að það sé metið að verðleikum og finni að það tilheyrir liðsheildinni.

Ráðningarferli okkar tryggir að allt fólk sé tekið til greina.

Inngilding, fjölbreytileiki og jafnrétti eru kjarnagildi okkar hjá CCEP. Við viljum að starfsfólk okkar endurspegli viðskiptavinahóp okkar sem er fjölbreyttur. Það hefst með því að tryggja að ráðningarferlin okkar bjóði öll velkomin.

Umsækjendaskrá

Vefsíða okkar, starfasíður og efni fyrir umsækjendur eiga að veita innsýn inn í raunveruleika okkar hjá CCEP og sýna fjölbreytnina.



Fyrirtækið vinnur markvisst að því að ná til alls starfsfólks og tekur frumkvæði að því að hlusta á það, t.d. með reglulegum viðhorfskönnunum og sérstökum jafnréttishópum.

Starfslýsingar okkar eiga að vera skýrar, hlutlausar og inngildandi fyrir öll.




Við reynum að tryggja að ráðningar okkar hafi að markmiði að jafna kynjahlutföll




Við viljum að umsækjendur okkar upplifi sanngjarnt ráðningarferli.



Við metum umsækjendur út frá hæfni í starfið og tryggjum að fólk okkar sem sér um ráðningar séu upplýst og taki ákvarðanir af gagnsæi.



Öll sem sækja um fá svör við umsókn sinni.



Stjórnendur sem eru að ráða í störf eru þjálfaðir í því að vera hlutlausir í ráðningarferlinu og taka öll til greina þegar verið er að ráða í störf.

